


Nr.: STS-002	<b>Tækniskólinn</b>	 <b>Tækniskólinn</b> <small>skóli atvinnulífsins</small>
Útgáfa: 15.0		
Dags: 23.02.2022		
Eig: Skólameistari	<b>Stefna Tækniskólans</b>	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

## HLUTVERK

Hlutverk Tækniskólans er að bjóða upp á fjölbreytt og framsækið nám í góðu samstarfi við atvinnulífið og að efla nemendur til persónulegs þroska og virkrar þátttöku í samfélaginu.

**Kjarnastarfsemi** skólans er framhaldsskóli með áherslu á tækni- starfs- og iðnnám.

## FRAMTÍÐARSÝN

Tækniskólinn sé eftirsóttur skóli með fyrirmyndar aðstöðu, þekktur fyrir fagmennsku og nútímalegt nám. Skóli sem útskrifar framúrskarandi fagfólk.

## STOÐIR

Eftirsóknarverður vinnustaður og vel rekinn skóli þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og aðstaða er til fyrirmyndar. Tækniskólinn leggur áherslu á öflug tengsl við atvinnulífið og að vera í forystu við innleiðingu á bestu kennsluaðferðum hverju sinni.

## Gildi Tækniskólans eru:

### Alúð

Við sýnum hvert öðru góða framkomu, vinsemd og virðingu. Starfsfólk og nemendur sinna verkefnum af natni og fagmennsku. Nemendur læra vinnubrögð sem stuðla að öryggi, gæðum og skilvirkni.

### Framsækni

Tækniskólinn er framsækinn í kennsluháttum og þróun námsgreina. Við fylgjumst með nýjungum og temjum okkur lausnamiðuð vinnubrögð. Nýsköpun og útsjónarsemi skal vera í fyrirrúmi. Nemendur tileinka sér skapandi hugsun og fagleg vinnubrögð.

### Fjölbreytileiki

Tækniskólinn er skóli margbreytileika með fjölbreyttum námsleiðum og gróskusömu félagslífi. Við berum virðingu fyrir mismunandi menningu og uppruna, þvert á kyn og stöðu einstaklinga. Við sýnum skilning og leggjum okkur fram við að efla og þroska nemendur sem best við getum.